Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **19.09.2016**
Málsnúmer: **FJR16070045**
Bréflykill: **3.7**

Efni: Afstaða ráðuneytisins til umsagna um 1. tölul. 16. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (þskj. 1556 - 826. mál).

Minnisblað þetta hefur að geyma afstöðu ráðuneytisins til þeirra umsagna sem bárust um 1. tölul. 16. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál. Efnahags- og viðskiptanefnd bárust fimm umsagnir um ákvæðið og kemur afstaða ráðuneytisins til þeirra fram í innrömmuðum texta hér á eftir. Breytingartillögur ráðuneytisins eru útfærðar í lagatexta í fylgiskjali. Hinn 15. september sl. skilaði ráðuneytið minnisblaði til nefndarinnar um aðrar umsagnir sem bárust.

Við vinnslu minnisblaðsins var haft samráð við Seðlabanka Íslands (SÍ).

16. gr. Heimildir SÍ til upplýsingaöflunar á grundvelli laga nr. 36/2001

SFF gerir almennt athugasemd við þær íþyngjandi kröfur sem lagðar eru á milligönguaðila.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) telur að þær breytingar sem lagðar eru til í 16. gr. frumvarpsins gangi of langt þar sem ekki sé mælt fyrir um takmörk og umfang upplýsingarskyldu og rökstuðning skorti, sér í lagi fyrir því að afnema trúnaðarskyldu með almennum hætti.

Lagastoð lögfræðiþjónusta telur áhyggjuefni að SÍ séu veittar frekari reglusetningarheimildir sem og heimildir til beitingu dagsekta.

Kauphöllin veltir því upp í umsögn sinni hvort þörf sé á því að SÍ safni svo umfangsmiklum upplýsingum um einkahagi almennings og fyrirtækja og hvort hugsanlega færi betur á því að SÍ hefði heimild til að kalla sérstaklega eftir afmörkuðum upplýsingum við rannsókn ákveðinna mála eða þegar grunur vaknar um að fjárhæðarmörk hafi ekki verið virt. Það er skoðun Kauphallarinnar að rétt væri að Alþingi myndi afmarka með skýrari hætti umrædda kröfu um upplýsingagjöf til SÍ með tillit til meðalhófs.

Persónuvernd bendir í umsögn sinni á að ekki skuli auka eftirlitsheimildir stjórnvalda gagnvart einstaklingum umfram það sem nauðsynlegt er og að undangengnu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat þurfi að vega og meta hvort nauðsynlegt sé að skerða stjórnarskrárbundin rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs í þágu fjármálastöðugleika og þá hversu mikið.

Ráðuneytið telur ástæðu til að bregðast við ofangreindum athugasemdum þannig að heimildir SÍ verði takmarkaðar og settar fram á skýrari hátt. Ráðuneytið mælir þannig með að heimild SÍ til upplýsingaöflunar skv. 1. tölul. 16. gr. frumvarpsins verði takmörkuð við upplýsingar frá lögaðilum og nái eingöngu til upplýsinga um eignir og fjárhagslegar skuldbindingar í erlendum gjaldeyri s.s. beinar fjárfestingar, verðbréfafjárfestingar, aðrar fjárfestingar í framseljanlegum fjármálagerningum, lánaviðskipti, ábyrgðarskuldbindingar, afleiðuviðskipti og útgáfu skuldabréfa og annarra skuldagerninga.

Umræddar upplýsingar yrðu veittar á grundvelli beiðni SÍ þar um. Til að stuðla að skýrleika í framkvæmd telur ráðuneytið rétt að SÍ verði falið að ákveða á hvaða formi upplýsingarnar skuli veittar. Það er ekki síður til einföldunar í framkvæmd fyrir þá aðila sem eiga að veita upplýsingarnar.

Loks telur ráðuneytið tilefni til að heimild SÍ til að setja nánari reglur um framkvæmd nái til hvers kyns upplýsingaöflunar samkvæmt ákvæðinu en takmarkist ekki við hluta hennar.

Fylgiskjal.

Breytingatillaga

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 16. gr. frumvarpsins:

1. tölul. orðist svo:

1. *Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum:*

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. koma tveir nýjir málsliðir sem orðast svo:

Seðlabankinn getur í sama tilgangi einnig aflað upplýsinga frá lögaðilum um eignir og fjárhagslegar skuldbindingar í erlendum gjaldeyri s.s. beinar fjárfestingar, verðbréfafjárfestingar, aðrar fjárfestingar í framseljanlegum fjármálagerningum, lánaviðskipti, ábyrgðarskuldbindingar, afleiðuviðskipti og útgáfu skuldabréfa og annarra skuldagerninga. Upplýsingar skv. 1. og 2. málsl. skulu afhentar á því formi sem Seðlabankinn ákveður.

b. Við 29. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.